

Nr. 8.  
29.  
júni.

## Auglýsing

um

að auglýsing frá stjórnarráði Íslands 16. apríl 1889 skuli úr  
gildi felld.

Hjermeð skulu felld úr gildi ákvæðin í auglýsing frá stjórnarráði Íslands 16. apríl þ. á. um að fyrirmælum laga 17. des. 1875 um mótvarnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, skuli fylgt að því er snertir skip, er til Íslands koma frá Lissabon og eyjunni Palma meðal kanarísku eyjanna. Ennfremur fellur úr gildi bannið samkvæmt lögum 24. okt. 1879, 3. gr. í nefndri auglýsing gegn því að flytja með þessum skipum til Íslands brúkað lín, föt og sængurfatnað, nema þessir munir sjeu ferðafatnaður, dulur, brúkað vatt, hnökraull, afklippur af pappír, hár og húðir.

Ákvæðum laga 17. des. 1875 verður hjereptir beitt að því er þessa staði snertir:

Marseille,

hafnir á Sikiley,

allar hafnir í Austurríki og Ungarn og

allar Egiptalands hafnir.

Fyrir alla þessa staði, að undan skildum Egiptalands höfnum, gildir og innflutningsbann samkvæmt lögum 24. okt. 1879, 3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta kunngjörst til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í stjórnarráði Íslands, 29. júní 1889.*

*J. Nellemann.*

---

*Ólafur Halldórsson.*

## Bekjendtgjørelse

om

Ophævelse af Ministeriet for Islands Bekjendtgjørelse af 16de April 1889.

Nr. 8.  
29de  
Juni.

Herved ophæves Bestemmelserne i Bekjendtgjørelse fra Ministeriet for Island af 16de April d. A. om Sagttagelse af de i Lov om Foranstaltninger til at forhindre Berne-koppers og den asiatiske Koleras Indbringelse til Island af 17de December 1875 foreskrevne Forholdsregler med Hensyn til Skibe, der ankomme til Island fra Lissabon og Den Palma blandt de kanariske Der, saa vel som ogsaa det i bemeldte Bekjendtgjørelse indeholdte Forbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3 mod al Indførsel ved saadanne Skibe af brugt Linned, brugte Klædningsstykker, brugte Sengklæder, for saa vidt de nævnte Gjenstande ikke høre til Personers Rejses gods, Klude, brugt Bat, Kradsuld, Papirsaffald, Haar og Huder.

Bestemmelserne i Lov af 17de December 1875 ere herefter i Virksomhed overfor følgende Steder:

Marseille,  
Havne paa Sicilien,  
samtlige østerrigsk-ungarske Havne og  
samtlige ægyptiske Havne.

Overfor samtlige de nævnte Steder med Undtagelse af ægyptiske Havne bestaar derhos Indførselsforbud i Henhold til Lov af 24de Oktober 1879 § 3.

Denne Bekjendtgjørelse træder strax i Kraft.

Hvilket herved bekjendtgjøres til Efterretning for alle Vedkommende.

Ministeriet for Island, den 29de Juni 1889.

*J. Nellemann.*

*Ólafur Halldórsson.*